

Gleraugun hans Góa

ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR



Gleraugun hans Góa

EFTIR
ARNDÍSI ÞÓRARINSDÓTTUR





Gleraugun hans Góa

ISBN 978-9979-0-1955-8

© 2015 Arndís Þórarinsdóttir

© 2015 Teikningar: Árni Jón Guðmundsson

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirllestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2015

Námsgagnastofnun, Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Helstu persónur	4
Gæluþýraglæpirnir	6
Afmælisgjöfin	11
Glænýr vinur	15
Njósni?	18
Dularfullur dauðdagi	25
Mannréttindabarátta	31
Gamanið kárnar	38
Samsærið	46
Friðhelgi	52
Árás	58

Helstu persónur



Góí – Aðalsöguhetjan okkar, sem á ættir að rekja til Japan og fær stundum æðislegar afmælisgjafir frá afa sínum þar. Góí er frekar góður á tölvur og á kanínu sem heitir Mangó.

Elín Sandra – er í bekk með Góa og spilar fótbolta. Góí og Elín Sandra þekkjast ekki mikið þó þau búi hvort á móti öðru.



Íris – Stóra systir Góa og eiginlega besti vinur hans. Sem er fínt – en það væri samt ágætt að eiga aðeins fleiri vini úr bekknum.

Ahmed – Einn svalasti strákurinn í bekknum.
Hann er ekki neitt sérstaklega góður á tölvur.



Guðrún – Bekkjarsystir Góa.
Hún spilar ekki fótbolta en er mjög áhugasöm og er óopinber aðstoðarþjálfari bæði stelpnanna og strákanna í hverfisliðinu.

Lárus föðurbróðir – Hetjan hans Góa. Er lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis og mjög áhugasamur um mannréttindamál. Er alltaf til í að spjalla við frændsystkini sín.



GÆLUDÝRAGLÆPIRNIR

– Góí! Komdu að borða!

– Ég er að koma.

Höndin færðist hægt niður á við, leit út eins og hún ætlaði að hætta við.

Svo grófust fingurnir í gallabuxnaklædda rasskinnina og klóruðu kröftuglega.

Höndin spratt upp aftur. Síðan færðist hún hægt niður á við, virtist ætla að hætta við, en hóf svo klórið á ný. Og aftur. Og aftur.

Leó stærðfræðikennari klóraði sér aftur og aftur og aftur í rassinum á tölvuskjánum.

Góí flissaði að myndinni.

– Sjáðu, bara, Mangó, hvað hann er heimskulegur.

Mangó lét sér fátt um finnast. Hún var bara kanína og fannst ekkert merkilegt að klóra sér í rassinum. Hún gerði það sjálf við hvert tækifæri.

Góí var frekar klár að nota tölvur og þess

vegna sendu krakkarnir í bekknum honum oft myndskeið sem þeir höfðu tekið á símana sína. Ahmed hafði náð þessum gullmola af rassaklórinu og nú var Góí að búa til flotta hreyfimynd sem væri hægt að setja á netið.

Hann flissaði. Þetta var sennilega besta myndskeiðið sem hann hafði unnið með. Þetta yrði notað um allan heim. Ef það kæmi upp njálgur á leikskóla í Bangladesh, þá gæti skólinn fundið þessa mynd á netinu og notað hana til að myndskreyta tölvupóst til foreldra. Ef fisksali á Grænlandi væri í vondu skapi, þá myndi kannski vinur hennar senda henni myndina til að gleðja hana. Stjórnmalamaður í Kanada gæti notað myndina til að hæðast að andstæðingi sínum.

Leó stærðfræðikennari var að verða frægari en hann hefði nokkru sinni grunað!

Hann kláraði myndina og sendi hana til Ahmeds.

– Góí, hvað ertu eiginlega að gera, kallaði mamma hans. Maturinn er á borðinu!

– Ég er alveg að koma!

Hann reyndi alltaf að hjálpa krökkunum í bekknum þegar hjálparbeiðni barst frá þeim. Hann var ekkert sérstaklega vinsæll og allir kunnu að meta það þegar hann gerði eitthvað svona.

Hann setti Mangó á rúmið og hentist fram í eldhús og settist við borðið. Það var grænmetisbuff með brúnni sósu í matinn.

– Eruð þið búin að heyra af kettinum hennar Brittu? spurði Íris, systir Góa.

– Nei, hvað? spurði Góí með fullan munninn.

– Krakkar, ekki tala um þetta við matarborðið, sagði mamma þeirra hvöss.

– Má ekki tala um ketti við matarborðið?

spurði Góí hissa. Hann vissi að það mátti ekki syngja við matarborðið og ekki tala um líkamlegan úrgang – en ketti?

– Það má ekki tala um það sem kom fyrir köttinn hennar Brittu við matarborðið, sagði mamma hans.

– Ó.

Það hljómaði ekki eins og neitt gott hefði komið fyrir köttinn hennar Brittu.

– Verra en það sem kom fyrir hundinn hennar Jóhönnu? hvíslaði hann að systur sinni.

Hundurinn hennar Jóhönnu hafði verið tekinn um daginn og rakaður af honum allur feldurinn, nema smá krugi í kringum hálsinn, svo hann leit út eins og hann væri hálfur hundur og hálf ljón. Jóhanna sagðist hafa þurft að fara með hann til dýrasálfræðings eftir þetta – til að vinna í sjálfsálitinu.

– Miklu verra, hvíslaði Íris og kinkaði ábúðarfull kolli.

Gói hugsaði um aumingja Mangó og hvort eitthvað gæti komið fyrir hana, þarna þar sem hún bjó í kassanum úti í garði.

Það færi enginn að gera kanínu mein – var það nokkuð?



AFMÆLISGJÖFIN

Besti pakkinn var yfirleitt frá afa í Japan.

Gói vissi að hann hafði komið með póstinum fyrir mörgum, mörgum dögum og gat ekki beðið eftir því að opna hann. Hann var búinn að fá nokkrar bækur, ný föt og borðspil, en pakkinn frá afa var eftir.

Hann var í rauðu bréfi með silfurlitaðri slaufu og mamma og pabbi voru næstum jafnspennt og hann.

– Hvað er þetta? spurði Íris og teygði fram álkuna.

Gói starði á umbúðirnar.

Hann trúði þessu eiginlega ekki.

– Opnaðu! sagði pabbi sem virtist jafnspenntur og Gói.

– Eru þetta í alvöru ...?

Gói hafði auðvitað séð myndir af snjallgleraugum áður. Hann hafði

lesið fréttir um þau, hann hafði horft á auglýsingar um þau – en hann hafði aldrei látið sig dreyma um að eignast svoleiðis. Og hingað voru þau komin. Örugglega þau einu á Íslandi.

Þau voru frábær. Þau litu ekki út eins og snjallgleraugu. Það var næstum ekki hægt að sjá myndavélina sem var innbyggð í þykka umgjörðina.

– Við létum setja gler í þínum styrkleika í þau, sagði mamma hans Góa. Þú getur alltaf verið með þau!

Gói tók gleraugin varlega af nefinu á sér og setti upp snjallgleraugin. Þau voru þægileg.

– Þú getur annaðhvort kveikt á þeim með því að ýta á takkann hér eða með raddskipun, sagði pabbi hans spenntur.

Morgunmaturinn var gleymdur meðan öll fjölskyldan stóð saman í kringum tölvuna, þau stilltu gleraugin og prófuðu

alla möguleika. Góí tók upp stuttmynd af Mangó fyrir hádegið og hlóð henni beint upp á netið án þess að koma nálægt síma eða tölvu. Hann tengdi tölvupóstinn sinn við gleraugun og þegar hann fékk nýtt skeyti birtist tilkynning um það á glerinu. Hann gat ekki beðið eftir því að fara með gleraugun í skólann!



Hann hélt að það yrði allt vitlaust þegar hann kæmi með þau í skólann. Hann hélt að það myndu allir hrópa og taka andköf. Að kennararnir yrðu brjálaðir.

En það tók enginn eftir neinu.

Góí sat bara í miðjuröðinni og tók upp heilan enskutíma á nýju snjallgleraugun án þess að neinn segði neitt. Hann skoðaði líka tölvupóstinn sinn og athugaði hversu oft búið væri að deila hreyfimyndinni af Leó að klóra sér í rassinum. 972 skipti! Það var met!

Hann ætlaði að segja eitthvað í frímínúتونum – sýna kannski nokkrum krökkum gleraugun – en hann kom einhvern veginn ekki orðum að því. Svo hann sagði ekkert, heldur stóð bara við fótoltavöllinn og tók upp leikinn.

Rétt áður en bjallan hringdi gargaði Elín Sandra að Hebbi ætti að fá rauða spjalðið en það trúði henni enginn. Góí spólaði til baka og skoðaði upptökuna.

Hah! Hebbi hefði sko fengið þriggja leikja bann fyrir þetta í alvöru keppni. Og enginn vissi það nema hann.

Góí brosti með sjálfum sér.



GLÆNÝR VINUR

Gói og Elín Sandra urðu samferða heim eftir skóla. Hún bjó í næstu blokk og þau löbðu alltaf sömu leið heim. Það var auðvelt að spjalla við Elínu en Gói átti samt erfitt með að segja það sem hann var að hugsa eftir daginn. Þau voru að kveðjast þegar hann dró djúpt andann og lét vaða.

– Heyrðu, Elín? Má ég sýna þér dálítið?

– Hvað?

– Æ, bara ... komdu. Gerðu það.

Elín var greinilega að springa úr forvitni svo þau fóru saman upp. Þegar þau komu inn tók hann af sér gleraugun og rétti henni. Hún hrukkaði ennið.

– Hvað?

– Skoðaðu betur!

Hún sneri gleraugunum á alla kanta.

Greip svo um arminn með myndavélinni og horfði stíft á hann.

– Eru þetta svona ...?

Gói svaraði ekki heldur kveikti á tölvuskjánum í stofunni. Á skjánum var stór mynd af Elínu Söndru þar sem hún horfði grettin inn í linsuna.

Hún hrökk í kút.

– Vá! Ég meina ... Vá!

– Ég veit! Gói brosti spenntur.

– Ég hef séð þau í sjónvarpinu og á netinu en aldrei í alvöru. Ég meina ... Vá!

Góa hlýnaði öllum inni í sér. Hann var glaður að hafa boðið Elínu inn, þó þau þekktust ekki mikið. Þetta voru einmitt viðbrögðin sem hann hafði séð fyrir sér.

– Hvað ætlar þú að gera við þau? spurði Elín Sandra.

– Bara. Nota þau. Ég þarf sko að vera með þau, alltaf, annars sé ég ekki neitt.

– Vá, sagði Elín aftur. Eins og hún væri að hugsa um allt sem væri hægt að gera.

Gói sýndi henni upptökur dagsins.

– Ég VISSI að hann hefði átt að fá rauða spjaldið! Af hverju sagðir þú ekkert?

– Æ, bara. Ég veit ekki.

– Þetta er snilld! Þú verður að koma í liðið. Sem heiðursdómari! Það er meira að segja partý eftir æfingu á föstudaginn, heima hjá mér. Þú mætir. Það verður æði!

Gói fann hvernig hann roðnaði en hann sagði ekkert. Honum hafði aldrei verið boðið í partý með fótboltakrökkunum. Bekkjarafmæli – jú – en ekki partý.

NJÓSNIR?

Gói skipti fjórum sinnum um föt, áður en hann fór í partyið.

Hann vissi ekki einu sinni að hann ÆTTI nógu mikið af fötum til að skipta fjórum sinnum. En hann vildi ekki líta út eins og hann væri sex ára á leið í afmæli og mamma hans hefði valið fötin. Hann vildi heldur ekki vera asnalega klæddur. Svo þetta var ekki einfalt mál.

– Gói! Tæknigaurinn frá Japan mættur! Hann fékk bylmingshögg á öxlina frá Guðrúnu sem ætlaði að verða fótboltaþjálfari þegar hún yrði stór og var eiginlega aðstoðarþjálfari í bæði karla- og kvennaflokki hverfisliðsins. Frábært myndskeiðið hans Ahmeds sem þú settir á netið.

– Ég hef aldrei komið til Japan, sagði Gói. Afi minn á bara heima þar.

– Skiptir ekki máli, félagi, sagði Guðrún hress. Blóð er þykkara en vatn – þú ert með örflögurnar og megabætin í blóðinu!

Gói vissi eiginlega ekkert hvað hann átti að segja við því svo hann sagði ekki neitt.

Hann skemmti sér mjög vel. Það voru pitsur, það voru tölvuleikir og það var vítakeppni úti í garði. Gói tók keppnina upp. Eftir leikinn skráði hann sig inn í gagnageymsluna sína á netinu þar sem myndbandið hafði hlaðist inn. Þau horfðu á það öll saman.

– Af hverju datt okkur þetta aldrei í hug? spurði Guðrún. Þetta er frábært. Við hefðum bara getað fengið einhvern í fjórða bekk til að taka upp alla leiki á símann sinn.

– Af því, sagði Elín Sandra með þunga, það væri bara ótrúlega hallærislegt. Sem gleraugun hans Góa eru ekki.

Gói roðnaði undir gleraugunum.

Hann eyddi mestum tíma í partýinu að taka upp myndskaið af krökkunum og búa svo til stuttar, ótrúlega asnalegar hreyfimyndir af þeim. Allir hlógu eins og fífl og klöppuðu Góa mikið á bakið.

Gói þurfti á endanum að fara heim.

– Þetta verður snilld! hrópaði Hebbi áður en hann fór. Við getum farið saman í bíó og allt saman og þú tekið upp alla myndina!

Fyrst partý, svo bíó! Eins og þau væru alvöru vinir. Gói vissi varla hvernig hann átti að vera.

Hann var dálítið hissa þegar Guðrún kallaði til allra að hún ætlaði að drífa sig líka og að hún yrði samferða Góa.

Góa leist ekkert sérstaklega vel á það. Hann hafði aldrei talað við hana áður. Þetta hlaut að verða vandræðalegt.

– Heyrðu, félagi? sagði hún kumpánlega á leiðinni niður tröppurnar.

Enginn hafði kallað Góa félaga áður. Hvað þá tvisvar sama kvöldið.

– Já?

– Ég er að velta fyrir mér ... smá greiða.

– Greiða?

– Með gleraugun þín. Mig vantar smá ... smá svona sönnunargögn. Sem ég get ekki fengið öðruvísi.

Gói varð pínulítið spenntur. Hann hafði aðeins þælt í því að gleraugun mættu notast við glæparannsóknir en ekki dottið neitt gott í hug til að rannsaka.

– Hvað?

– Sko, fyrirliðinn í liðinu sem við erum að fara að keppa við í næstu viku er frekar óprúttinn náungi.

– Hvað er að vera prúttinn?

– Skiptir það máli? Hann er það einmitt alls ekki!

Gói þagnaði og kinkaði kulli.

– Hann er sem sagt óprúttnari en fólk er flest, þessi gaur. Og ég held að hann hafi áhrif á útdráttinn.

– Hvernig þá?

– Ég held að hann hafi viljað lenda á móti okkur í fyrstu umferð, af því hann hélt að við værum léttur andstæðingur. Fjóla systir mín er með honum í bekk og hann var að tala um þetta. Að hann þekkti einhvern sem hefði kippt í spotta, skilurðu?

Góa var hætt að lítast almennilega á blikuna.

– Og ... Hvað viltu að ég geri? Ég þekki hann ekkert.

– Nei, en þú getur farið með Fjólu systur og hún reynir að ná einhverju upp úr honum og hann kjaftar þá kannski af sér. Og þá verður þú með það allt á upptöku. Fjóla gæti ekkert tekið þetta upp á símann sinn, það væri allt of áberandi. En hann

grunar ekkert að þú sért með myndavél í gleraugunum!

– Og hvað, af hverju á ég að vera að þvælast þarna með henni? Á ég að þykjast vera kærastinn hennar eða eitthvað? Góí forðaðist á horfa á Guðrúnu.

Guðrún skellti upp úr.

– Glætan! Það myndi enginn trúa því. Aldrei. Ég meina, Fjóla er þremur árum eldri en við.

Góí roðnaði og leit undan.

– Nei, þú verður bara litli bróðir hennar ef einhver spyr. Og ég meina – það á enginn eftir að spyrja. Ég veit ekki hvort þú hefur tekið eftir því, Glói, en fólk tekur ekki mikið eftir þér.

– Góí, sagði Góí. Ég heiti Góí, ekki Glói.

– En ertu ekki til í þetta?

– Eh ... nei, sagði Góí. Eiginlega ...
eiginlega ekki. Ég meina það ekkert illa!

En ... nei.

Honum fannst spennandi að nota gleraugun til að leysa glæpamál en hann var ekki til í að njósna um eitthvert fólk sem hann þekkti ekkert.

– Nú? sagði Guðrún. Er þér bara alveg sama um hagsmuni liðsins?

– Ég er ekki í liðinu, minnti hann hana á.

– Nei, sagði hún og hvessti á hann augun. Sumt fólk er bara aldrei í liðinu.

Hún stoppaði skyndilega.

– Ég er ekkert á leið heim til mín, sagði hún svo og gekk hratt aftur í átt að partyinu.

Gói hafði á tilfinningunni að hann yrði ekki kallaður félagi aftur.

Hann velti fyrir sér hvort honum yrði nokkurn tímann boðið aftur í party.

DULARFULLUR DAUÐDAGI

– Og svo stormaði hún bara burt! Mér fannst það nú ekki sérlega þrúttið.

Gói og Elín Sandra voru saman fyrir utan húsið hans Góa og hann var að segja henni af samtalinu við Guðrúnu.

– Vá, sagði Elín Sandra. En hún er líka rosalega spennt yfir fótboltanum. Ég hugsa að það sé enginn fúll yfir því að þú hafir ekki verið til í þetta nema hún.

Þetta þóttu Góa góðar fréttir. Hann hafði haft talsverðar áhyggjur af því að nú ætti hann enga vini lengur. Það var gott að Elín Sandra hélt að þetta yrði allt í lagi.

– Viltu kannski koma og sjá kanínuna mína? Orðin gusuðust út úr honum, alveg óumbeðin.

– Sjá kanínuna þína? spurði Elín Sandra. Ertu að reyna við mig eða eitthvað?

Gói fann hvernig hann varð rauður í framan.

– Nei! Nei, það var alls ekki það sem ég meinti. Alls ekki!

– Ó, sagði Elín Sandra og Gói var núna ekki viss hvort hún var móðguð yfir því að hann hefði verið að reyna við hana eða því að hann hefði *ekki* verið að reyna við hana.

Mikið gat verið erfitt að tala við fólk!

– Ég meinti bara að kanínan mín er mjög sæt. Og hún býr í garðinum. Ef þú vilt sjá hana.

– Í garðinum? Ertu ekkert hræddur um hana? spurði Elín og glennti upp augun.

– Út af ...

– Út af þessu með dýrin í hverfinu. Hundinn og köttinn og gullfiskinn.

– Gullfiskinn? Gói hafði heyrt um hundinn og köttinn en mundi ekki eftir neinu um gullfisk.

- Jább, gullfiskinn.
- Hvað kom fyrir hann?
- Sko, kannski var það bara slys!
Ég veit það ekki, sagði Elín Sandra.
Ég er ekki að ásaka neinn um neitt.
En ég veit bara að Nemó, gullfiskurinn
sem var í textílstofunni, var eldhress á
fimmtudaginn en hann lá á gólfinu þegar
við komum í tíma á föstudaginn.
- Dauður? spurði Góí.
- Steindauður, sagði Elín Sandra. Eva
akkúrat skoðaði hræið og taldi að
dánarstundin hefði verið í upphafi
hádegishlésins.



Eva akkúrat var svakalegur vísindanörd, svo Gói vissi að réttarmeinafræðilegar rannsóknir hennar á Nemó væru ábyggilegar.

– Ó. En heldurðu að þetta hafi verið morð? Heldurðu að hann hafi ekki bara ... hoppað?

– Ég er ekkert að segja að hann hafi hoppað eða ekki hoppað, sagði Elín Sandra pirruð. Ég er bara að segja að það er eitthvað mjög skrýtið að koma fyrir dýrin í hverfinu. Og þessi gullfiskur var á lífi á fimmtudaginn en dauður á föstudag. Svo verður þú bara að draga þínar eigin ályktanir um það hvort þessir atburðir tengist.

– Vó, sagði Gói.

– Uhu. Hvar er kanínan?

– Bara hérna á bakvið. Hún heitir Mangó.

– Hverskonar nafn er það?

– Bara gott nafn! Góí fann að hann var orðinn frekar stuttur í spuna. Hann kunni ekki að meta þessar athugasemdir um gæludýr í hættu. Ekki um leið og var talað um Mangó.

– Ertu ekki með hengilás á búrinu?

– Nei. Kötturinn sem var tekinn var líka bara heima hjá sér. Ég held að hengilás myndi ekkert stoppa gullfiskamorðingjann.

Hann opnaði búrið og lyfti Mangó upp í fangið á sér og bar kanínuna snöggt að andlitinu. Hún var mjúk og hlý og honum sýndist að hún væri glöð að sjá hann.

Íris systir sagði einu sinni að kanínur hefðu ekki tilfinningar og að Mangó væri alveg sama hver klappaði henni en Góí var ekki sammála. Sama hvað Íris hafði lesið á netinu.

– Hún er mjög sæt, sagði Elín Sandra.

– Ég veit, sagði hann. Viltu halda á henni?

Elín tók við Mangó og Góí sagði sjálfum sér að kanínan væri alls ekki jafnvinnaleg við Elínu og hún var við hann.

– Getur þú ekki flutt hana inn? Til að passa upp á hana.

– Nei, mamma vill ekki hafa hana inni, sagði Góí. Ekki alltaf, að minnsta kosti. Það er hiti í gólfinu á búrinu og allt.

Elín horfði allt í kring um sig.

– Það er samt frekar auðvelt að ná henni héðan.

– Ég held að það sé enginn að fara að taka Mangó, sagði Góí ákveðinn.

– Ókei. Ég er samt bara að vara þig við, sagði Elín.

MANNRÉTTINDABARÁTTA

– Guðjón, hvað er þetta á andlitinu á þér? Arna tölvukennari beygði sig alveg upp að andlitinu á Góa og starði á gleraugun. Hann flýtti sér að stilla á upptöku. Hún yrði æðislega fyndin í svona mikilli nærmynd!


– Þetta? Uh, bara freknur. Hann brosti til hennar og fann hvernig honum hlýnaði að innan þegar hinir krakkarnir flissuðu.

– Engan bjánaskap. Þessi gleraugu.

– Ég er búinn að vera fjarsýnn síðan í leikskóla, sagði Gói sannleikanum samkvæmt. Ég hef alltaf verið með gleraugu.

– Ekki svona gleraugu, sagði Arna og reis upp og horfði á hann.

– Nei, þessi gömlu voru orðin mjög beygluð, sagði Gói.



– Ég held að ég ætti að taka þessi gleraugu, Guðjón, og fara með þau til skólastjórans. Upptökubúnaður er ekki leyfður hérna í tímum.

– Nei! Þú getur ekki bara tekið þau af mér! Ég er rosalega fjarsýnn.

– Nú, þá verður þú bara að nota gömlu gleraugun.

Arna virtist ekki skilja hvað Góí sá illa. Ef hún tæki gleraugun, þá kæmist hann ekki út úr skólastofunni, hvað þá lengra.

– Þú mátt ekkert taka gleraugun af honum, sagði Aðalbjörg úr fremstu röðinni. Það er, skilurðu, ólöglegt.

– Ég geri það sem ég vil í minni kennslustofu, sagði Arna og yggldi sig.

– Nei, það er í alvöru bannað samkvæmt lögnum. Þú mátt ekki taka hluti ... eignarnámu.

– Það heitir eignarnám, ekki eignarnáma, sagði Eva akkúrat sem alltaf var með málfræðina á hreinu.

– Guðjón verður þá bara að hringja í lögfræðinginn sinn, sagði Elín Sandra og kippti gleraugunum af nefinu á honum.

Tveimur tímum síðar stóð Góí á skrifstofu skólastjóra með pabba sínum og Lárusi föðurbróður, sem var einmitt lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis.

– En þið skiljið að það gengur ekki að starfsfólk og nemendur séu stöðugt í upptöku! Það eru til lög um þetta. Og hvað með búningsklefana í leikfiminni? spurði Þórhildur skólastjóri.

– Lögin segja bara að það megi ekki taka fólk upp án leyfis – það er ekkert í lögum um að það megi ekki ganga með gleraugu sem geta tæknilega séð tekið upp. Eru ekki allir þessir krakkar hvort sem er með síma með myndavél? spurði Lárus, bróðir þabba. Þau vita að það er bannað að taka myndir í klefanum og vita að þau myndu sjálf ekki vilja að það væru teknar myndir af þeim. Úr verður svona heiðursmannasamkomulag. Þar sem enginn tekur myndir af neinum í búningsklefanum.

– Heiðursmannasamkomulag? sagði Þórhildur skólastjóri veikri röddu.

– Já, sagði Lárus. Ég fer til dæmis sjálfur oft í sund. Og ég tek símann minn með

mér – samt hef ég aldrei tekið mynd af
neinum berrössuðum, þótt ég hefði getað
það. Forsetinn var einu sinni í klefanum,
alveg kviknakinn. Ekki datt mér í hug að
draga upp símann.

– En þau eru bara börn, sagði Þórhildur.
Þetta er ábyrgð sem er ekki hægt að setja
á herðar ...

– Heiðursbarnasamkomulag, þá, sagði
Lárus. Tæknin þróast, frú mín góð, og það
hlýtur að vera hlutverk skólakerfisins að
kenna börnunum að umgangast hana,
frekar en að banna hana. Takk fyrir, og
vertu sæl!

Og svo stikuðu þeir allir út.

Svipurinn á Þórhildi var frábær og Gói
vildi óska að hann hefði tekið fundinn upp.

– Þú ert æði, Lárus frændi, sagði Gói og
brosti til frænda síns.

– Þú þekkir mig, Gói minn. Mannréttindi
eru mínar ær og kýr!

Vá. Mannréttindi. Góí vissi að þau voru mjög mikilvæg í útlöndum – en að snjallgleraugun hans væru mannréttindi var eitthvað sem hann hafði ekki fattað.

Pabbi, Góí og Lárus fóru saman í ísbúðina til að halda upp á vel heppnaða mannréttindabaráttu.

– Lárus?

– Jamm?

– Sástu forsetann í alvöru á typpinu?



Þegar hann kom heim stoppaði hann úti í garði og heilsaði upp á Mangó.

Kannski ætti hann að hafa meiri áhyggjur af henni, eins og Elínu Söndru fannst?

Kannski hann gæti gert eitthvað fyrir hana ... Passað betur upp á hana?

Ef hann setti upp myndavél í stofuglugganum sem sneri að búrinu hennar, þá gæti hann fylgst með

henni allan daginn. Hann gæti skoðað útsendinguna á snjallgleraugunum sama hvað hann væri að gera.

Mangó hjúfraði sig að honum og hann fann að hann gæti ekki brugðist henni. Hann færði henni nýtt vatn og dreif sig svo inn að útbúa eftirlitskerfi.

Það yrði nú líka bara dálítið forvitnilegt að sjá hvað hún væri að gera allan daginn!

Áður en hann fór að sofa tékkaði hann á rassaklórsmýndinni af Leó stærðfræðikennara. 347 þúsund deilingar! Hann sendi Ahmed hlekkinn og fór að sofa.

GAMANID KÁRNAR

Dagurinn byrjaði mjög vel. Góí hafði aldrei átt svona marga vini í frímínútum áður og þeir voru ekki einu sinni bara að tala um gleraugun, heldur um allskonar hluti.

En svo versnaði ástandið smám saman.

Fyrsta vísbendingin um að eitthvað væri að kom þegar Góí kom hlaupandi inn í skólastofuna eftir frímínútur, einu og hálfu skrefi á eftir Hrund íslenskukennara.

– Fyrirgefðu að ég kem of seint, fæ ég nokkuð punkt?

– Því miður, Guðjón, sagði Hrund án þess að horfa framan í hann. Þú þekkir skólareglu númer sex. Ég get ekki veitt neinar undanþágur frá skólareglunum. Hún hljómaði eins og hún væri að lesa af blaði.

Þetta var mjög skrítið, því hún hafði aldrei kallað hann Guðjón áður.

Bara Góa. Og hún hafði heldur aldrei vísað í skólareglur með númerum. Gói vissi ekki einu sinni að þær væru með númer.

– Það var haldinn starfsmannafundur, hvíslaði Elín Sandra að honum. Um þig. Og gleraugun.

– Ha?

– Já, og þeim var sagt að þau mættu ekki taka af þér gleraugun. Út af þessu þarna, sem frændi þinn sagði.

– Mannréttindunum? spurði Gói.

– Já, einmitt. Þeim.

– Ó.

– Þau eru ekki ánægð, sagði Elín Sandra. Frændi minn kennir sko á yngsta stiginu og sagði mömmu þetta. Það er búið að búa til nefnd um uppfærslu á skólareglum í ljósi nýrrar tækni. Þú átt alveg bandamenn

– Bylgja myndmenntakennari ætlar að láta þig vinna upptökurnar þínar í myndbandsverk um líf þitt og Kalli á bókasafninu er rosa spenntur. En flestir voru mjög óánægðir með að þú gætir alltaf verið að taka upp.

– Ó, sagði Góí aftur. Rosalega gat fólk verið fúlt! Höfðu allir svona mikið að fela? Ef fólk var svona hrætt um að hann tæki mynd af því að bora í nefið – gat það þá ekki bara hætt að bora í nefið?

Hann vildi eiginlega óska þess að myndavélar væru alltaf, allstaðar. Ef það væri þannig, þá væru allir vanir því að vera ekki asnalegir, því þeir vissu að þeir væru í upptöku. Og allir myndu alltaf hegða sér vel.



Næstu daga versnaði ástandið bara. Allir virtust vera á nálum í kringum hann. Meira að segja Ahmed, sem var annars alltaf frekar slakur.

– Góí, má ég segja þér svolítið? Þeir voru að labba saman úr smíðatíma yfir í íþróttir og Ahmed virtist liggja eitthvað á hjarta.

– Já?

– Þú ert ekkert með kveikt á gleraugunum, er það?

– Hvað, ætlar þú að segja eitthvað sem þú skammast þín fyrir? Góí var orðinn mjög þreyttur á því hvað allir voru stressaðir yfir gleraugunum og leyfði pirringnum alveg að heyrast í röddinni.

– Nei, maður, ég meina bara að ég ætla að segja eitthvað við þig, ekki við allan heiminn, sagði Ahmed.

– Afi minn segir að maður eigi ekki að segja neitt um fólk sem þú værir ekki til í að segja við það, sagði Góí með svolitlum þjósti.

– Já! Ahmed snarstansaði og hvessti á hann augun. Svo þú viðurkennir að hafa ætlað að setja þetta á netið!

Gói urraði á hann og stormaði í burtu.

Ahmed gat bara talað við eitthvað annað fólk ef hann vildi ekki tala við Góa.



– Sko, ég er ekki að segja að ég treysti þér ekki, sagði Hebbi. En ég treysti þér eiginlega ekki.

– En ég sé ekkert ef ég er ekki með gleraugun, sagði Gói og vafði höndunum þétt um leikfimipokann sinn.

– Þú þarft ekkert að sjá! Ég meina, hversu flókið er að klæða sig?

– Svo færðu gleraugun aftur um leið og við komum inn í sal, sagði Ahmed.

– Er það? spurði Varði. Ég er ekkert viss um að ég sé til í það. Ég meina, ef maður dettur þegar maður er að fara yfir hestinn eða eitthvað, þá vill maður ekkert að það fari á netið.

– Ég er ekkert að fara að setja það á netið, sagði Gói.

– Nei, kannski ekki, sagði Hebbi. En þú settir á netið myndina af rassaklórinu hans Leós stærðfræðikennara. Mamma segir að Leó hafi tekið þetta svo nærri sér að hann sé kominn í veikindafrí.

– En það var ekki ég! Eða sko, Ahmed tók það upp, en ég setti það bara á netið, sagði Gói.

Ahmed sagði ekki neitt.

– Ég held að við þurfum bara að kjósa um þetta, sagði Hebbi. Hverjum finnst að Gói megi ekki vera með gleraugun í leikfimi?

Allir réttu upp hönd.

– Þá er það ákveðið, sagði Hebbi, og kippti gleraugunum aftur af Góa.

– En þetta er mannréttindabrot!



– Það eru mikilvægari mannréttindi að það séu ekki teknar myndir af okkur klifrandi í köðlunum, sagði Hebbi.

Það tók tuttugu mínútur að komast að niðurstöðu sem allir gátu sætt sig við. Gunnlaugur íþróttakennari límdi þykkt límband yfir linsuna á gleraugunum.

Gói var samt hundfúll. Hann ætlaði ekki að taka neitt upp – og hann leit út eins og fífl með límbandið á gleraugunum.

Hvað ef það myndi skemma þau?

Hann var næstum viss um að þetta væri einhvers konar mannréttindabrot.

Ofan á allt saman var tíminn orðinn svo stuttur að það var ekki lengur hægt hafa skotbolta heldur sendi Gunnlaugur þá út að hlaupa.

Og var það rétt að Leó væri beinlínis orðinn lasinn út af ... út af honum?

Bara af því nokkrir útlendingar sáu hann klóra sér í rassinum?

SAMSÆRIÐ

RANGT LYKILORÐ.

– Mamma! Breyttir þú lykilorðinu inn í tölvupóstinn minn?!

Á skjánum stóð „Lykilorðinu þínu var breytt fyrir 22 mínútum“ sem var mjög skrýtið, því ekki hafði hann breytt því og enginn kunni það nema mamma hans.

Hún hafði alltaf vitað hvert lykilorðið hans var, bara til að geta fylgst með honum, en hún las samt eiginlega aldrei póstinn hans. Hann hafði einu sinni prófað það með því að senda bréf þar sem hann sagðist ætla að selja línuskautana hennar Írisar svo hann hefði efni á nýjum íþróttaskóm en mamma hans hafði aldrei sagt neitt sem þýddi að hún hafði pottþétt ekki lesið bréfið. Og hún hafði heldur ekki keypt handa honum nýja íþróttaskó.

– Af hverju ætti ég að vera að því? kallaði hún til baka.

– Ég veit það ekki, kallaði hann til baka.
Hver annar hefði átt að gera það?

Hann var í miðju kafi að reyna að fá sent
nýtt lykilorð þegar síminn hans hringdi.

Hann svaraði en heyrði mjög lítið.

– Halló?

Aftur var umlað í símann.

– Hver er þetta?

– Góí, þetta er Elín Sandra! var hvæst í
símann.

– Af hverju hljómarðu svona skrýtin?

– Af því ég er að hvísla! Ég er inni á
klósetti heima hjá Lísu.

Góí skildi hvorki upp né niður í þessu.

Af hverju var hún að tala við hann á
klóinu? Var hún að pissa og tala um leið?

Gerði fólk það? Honum fannst það nú
frekar ógeðslegt.

– Góí, það er allt að fara í steik. Þú verður
að breyta lykilorðinu þínu að netinu.

Ég er heima hjá Hebba og systir hans er svona ofurhakkari. Hún er að reyna að komast inn í skjölin þín og upptökurnar úr gleraugunum. Og hún er komin inn í tölvupóstinn þinn! Hún verður komin inn í skjalageymsluna rétt strax!



– Ofurhakkari? Eru þeir ekki aðallega í útlöndum?

– Heyrðirðu ekki hvað ég er að segja! Vertu snöggur, þau eiga eftir að komast inn í þetta og nota upptökurnar gegn þér! Ég verð að fara, hvíslaði Elín Sandra. Þau taka eftir því að ég er horfin bráðum. En ég vildi bara vara þig við, Góí, af því við erum vinir!

– Er hægt að bara brjótast inn í tölvupóst hjá fólki?

– Það er ekki bara hægt, þau eru að semja tölvupóst til námsráðgjafans í þínu nafni. Þar sem þú jatar ást þína á henni. Þú verður kominn í meðferð fyrir ungmenni með annarlegar tilfinningar í garð miðaldra einstaklinga áður en þú mætir í skólann á mánudaginn! Breyttu lykilorðinu eins hratt og þú getur. Í eitthvað rosalega flókið með mörgum tölustöfum og svoleiðis. Verð að fara!

– Elín! Bíddu!

En hún var búin að skella á.

Gói sat stjarfur með símann í hendinni og tölvuskjáinn þar sem nú stóð „Lykilorðinu var breytt fyrir 37 mínútum.“

Hún sagði að ÞAU væru að þessu.

Hver voru þau? Voru þetta margir krakkar? Og ef Elín Sandra var með þeim ... var hún þá ekki ein af þeim?

Hann hrökk við. Hann yrði að breyta lykilorðinu sínu strax. Lykilorðið að tölvupóstinum hans var manGo78 og lykilorðið að rafrænu gagnageymslunni var manGo79. Ofurhakkarinn yrði ekki lengi að átta sig á því.

Hann flýtti sér að skrá sig inn og hjartað ólmaðist í brjóstinu á honum. Yrði hún kannski komin þangað á undan honum?

Hann reyndi að muna hvað var á öllum myndböndunum sem hann hafði tekið upp síðustu daga. Það var engin leið að

muna það – það var svo margt. Hafði hann óvart sett gleraugun í gang þegar hann kom úr sturtu og sást berrassaður í baðherbergisspeglinum? Voru til upptökur af honum að syngja lög með frumsömdum texta fyrir Mangó? Hvað með þegar hann kúrði með mömmu í sófanum eins og smábarn og horfði á Orðbragð?

Hann var ekki viss hvað væri í möppunum en hann vissi að enginn mætti sjá það.

Hann snökti næstum af létti þegar hann var kominn inn. Og flýtti sér að breyta lykilorðinu í Yk82Lq9w1pP.

Hann ætti sennilega aldrei eftir að muna það sjálfur. Og hann þorði ekki að skrifa það niður, ef hann tæki óvart mynd af blaðinu sem lykilorðið stæði á og það kæmist í hendur óvina hans.

Myndin af Leó stærðfræðikennara var komin með meira en milljón deilingar. Góí horfði á myndina á skjánum og varð óglatt.

FRIDHELGI

– Lárus? Hæ, þetta er Gói.

Gói ákvað að hringja í frænda sinn, frekar en að senda honum skilaboð á netinu.

Hann treysti eiginlega ekki tækninni einmitt núna.

– Blessaður, félagi, sagði Lárus frændi og hljómaði jafnhress og besti vinur hans væri í símanum, frekar en lítill frændi.

– Ég þarf að spyrja þig um smá. Um mannréttindi.

– Já? Lárus hljómaði bara mjög spenntur.

– Já, sko – eru það ekki mannréttindi að það megji ekki brjótast inn í tölvupóstinn minn og svoleiðis?

– Nei, sagði Lárus frændi. Það eru lög sem banna það.

– Eru lög og mannréttindi ekki alltaf það sama?

– Lögin eru sett, meðal annars, til að standa vörð um mannréttindi. En ein gerð af mannréttindum er friðhelgi einkalífs. Þú átt rétt á því að enginn sé að njósna um þig.

– Já, ég skil, sagði Góí.

– Ég meina, það er nú auðvitað alltaf verið að njósna um okkur öll, sagði Lárus og skellti upp úr eins og það væri rosalega fyndið. Símafyrirtækið þitt veit alltaf hvar þú ert – síminn þinn er GPS tæki sem er alltaf virkt – ef þú gengur í gegnum verslunarmiðstöð eru tugir myndavéla sem taka upp það sem þú gerir. Það er meira að segja myndavél í strætó. Og netfyrirtækið þitt getur hvenær sem er kíkt á tölvupóstinn þinn. Sumir vilja meira að segja að það séu settir akstursritar í alla bíla, svo ef það verði slys sé hægt að sjá allt um það hvernig bílnum var ekið. En málið er að þú veist ekki hvenær slysin verða. Þess vegna þarf að safna þessum

upplýsingum alltaf, sama hvert þú ferð og hvað þú ert að gera.

– Má það? spurði Gói.

– Já, en um leið og til dæmis símafyrirtækið, fer að *nota* upplýsingarnar, fer að safna upplýsingum um í hvern þú hringir, hvert þú ferð og hvaða vefsíður þú ert að skoða, án þess að þú hafir samþykkt það, þá er það bannað. Skilurðu?

– Já, sagði Gói þó hann meinti nei.

Ég held það.

– Heyrðu, frábær myndin sem þú sendir mér af gurnum sem var að klóra sér í rassinum, sagði Lárus og hló svakalega. Ég sendi hana á alla vinnufélagana!



Gói gat ekki hugsað um þetta meira. Hann slökkti á tölvunni, sótti Mangó út í garð og skreið upp í sófa að kíkja á bækurnar sem hann hafði fengið í afmælisgjöf.

Önnur var um seinni heimsstyrjöldina.

Góa fannst gaman að lesa um skriðdreka og orrustuflugvélar. En þessi bók fjallaði ekkert svo mikið um það. Svólítið, en ekkert svo mikið. Hún sagði frá því hvernig heil þjóð – venjulegt fólk – kaus sjálfan Hitler sem leiðtoga sinn.

Hitler, sem var eins vondur og hægt var að vera, hafði ekki hrifsað til sín völdin. Hann hafði ekki gert byltingu eða framið valdarán. Hann var bara kosinn í venjulegri kosningu. Eins og voru haldnar á Íslandi. Og meirihlutinn hafði kosið hann, af því fólkinu leist svo afskaplega vel á þennan ábyggilega mann.

Og þegar Hitler fór að vera brjáláður og drepa fólk og senda aðra til að deyja í stríði – þá var bara orðið of seint að gera eitthvað í því.

Hausverkurinn hans Góa magnaðist en hann las samt áfram.

Hann las um allt fólkið sem barðist gegn

Hitler. Um Þjóðverja sem unnu gegn honum í skjóli nætur. Um fólk í öðrum löndum, eins og Frakklandi og Danmörku, sem stofnaði andspyrnuhreyfingu og barðist gegn honum í leyni, þó hann væri búinn að taka yfir bæði Frakkland og Danmörku.

Og þó Góí hefði verið að reyna að hætta að hugsa um þetta með snjallgleraugin, þá gat hann ekki annað en þælt í þessu sem Lárus frændi hafði sagt. Hvernig hið opinbera væri með allar þessar upplýsingar um alla – en mætti bara ekki skoða þær.

Góí var nokkuð viss um að Hitler hefði skoðað þær.

Ef einhver brjálæðingur yrði kosinn á Íslandi sem ætlaði að sprengja allt í loft upp. Yrði hægt að stofna andspyrnuhreyfingu?

Það voru ekki öryggismyndavélar á

hverju horni í Danmörku árið 1940-og-eitthvað. Það voru ekki einu sinni GSM-símar. Það var enginn tölvupóstur. Engin staðsetningartæki í bílunum.

Yfirvöld gátu örugglega fylgst betur með fólki núna en þá.

Hvað ef maður þyrfti nauðsynlega að gera byltingu?

Árás

– Mamma?

– Já? Mamma hans var að skipta um öryggi í rafmagnstöflunni og Gói sat á gólfinu í myrkrinu.

– Heldurðu að ég megi kannski bara fá gömlu gleraugun aftur?

– Ha? Af hverju viltu það? Ég hélt að þú værir svo ánægður með þessi nýju.

– Já, þau eru fín, en ... en ég er ekki viss um að ég vilji alltaf vera með þau.

Hann sá ekki mömmu gretta sig en hann vissi að hún var að því.

– Var einhver leiðinlegur við þig, Gói minn? Út af gleraugunum?

Gói hugsaði sig um. Sumir höfðu verið mjög leiðinlegir. Það var samt ekki bara þess vegna.

– Það er bara rosa mikið vesen að vera alltaf með þau.

Hann langaði næstum að hætta við allt. Henda tölvunni, gleraugunum, símanum – öllu. Og vera bara inni að lesa bækur. Eins og fólk gerði 1940.

Hann var búinn að loka gagnageymslunni á netinu. Nú geymdi hann allt á tölvunni sinni heima. En hann var búinn að fá nokkrar martraðir um það að einhver brytist inn og stæli tölvunni hans.

Hvert sem hann fór svipaðist hann um eftir öryggismyndavélum. Honum fannst hann finna fyrir þúsund myndavélum af þúsund gervihnöttum sem allar horfðu niður á hann.

Það var vetrarfrí í skólanum svo hann hafði ekkert hitt Hebba og Ahmed upp á síðkastið. Elín Sandra hafði ekkert komið aftur. Hún hafði ekki sent honum SMS

eða neitt. Hún sat væntanlega með vinum sínum úr fótboltanum og hló að honum.

Eða voru þau kannski ekki að hlæja að honum? Voru þau hrædd við hann?

Hann var að leggja á borð þegar hann fékk aðvörun frá eftirlitsmyndavélinni um að það hefði verið hreyfing við búið hennar Mangó. Það þýddi sennilega ekki neitt nema að Mangó hefði tekið óvenju tignarlegt hopp en hann kallaði samt strax fram útsendinguna á litla skjánum á gleraugunum.

Hann greip andann á lofti.

Elín Sandra var úti í garði. Með Mangó í fanginu.

Hún var búin að fylla skálina hennar af einhverri salatblöndu úr plastpoka – og hún var að strjúka grænum matarlit yfir allan feldinn hennar.

Gói sá rautt. Hann æddi í gegnum íbúðina og út í garð.

– Hvað ertu að gera við kanínuna mína?!

Elín Sandra hrökk í kút. Góí hélt að hún myndi kannski missa Mangó.

– Ekkert! Eða – þetta er sko ... Þetta er alveg náttúrulegur matarlitur! Þetta gerir henni ekkert. Hún verður bara ...

– Hún verður bara græn!

– Já, sagði Elín og leit undan.

– Varstu ekki búin að gera nóg? Varstu ekki búin að brjótast inn í póstin minn og hlæja að mér með öllum vinum þínum? Mangó hefur ekki gert þér neitt. Og ég – ég hef ekki heldur gert þér neitt.

Góí hafði aldrei áður verið svona reiður. Og hann skildi ekki hvernig allt hafði farið svona mikið úrskeiðis á svona stuttum tíma.

Elín Sandra sagði ekkert. Hélt bara fastar utan um Mangó.

Ég hélt að þú vildir vera
vinur minn í alvörunni.
Ég hefði átt að fatta að það
væri eitthvað mikið að þér.
Að þú værir þessi sem var
að pína dýrin.

Nei!

Nei, ég hef ekki
gert neitt við
nein dýr.
Nema ...
nema Mangó.



Láttu ekki svona!
Hundurinn hennar Jóhönnu!
Kötturinn hennar Brittu!
Gullfiskurinn í textílstofunni!

Ég held í alvöru að þetta
með gullfiskinn hafi
verið slys.





Skítt með
gullfiskinn.

Þó hann meinti það ekki –
auðvitað var þetta sorglegt
með gullfiskinn.



Jóhanna rakaði hundinn sjálf.

Það er leyndarmál. Hún hélt að þetta yrði mjög
sniðugt en svo varð hundurinn ægilega hnugginn yfir
þessu. Svo hún ákvað að láta þetta hljóma eins og ...
hryðjuverkaárás. Svo hún yrði ekki skömmuð.





Og kötturinn
hennar Brittu?

Britta er frænka mín.
Hún var afbrýðissöm yfir því hvað Jóhanna
fékk mikla athygli út af þessu
með hundinn.
Það kom ekkert fyrir köttinn hennar Brittu.
Hún sagði bara öllum að það hefði eitthvað
komið fyrir hann.

Þetta væri allt saman
mjög sannfærandi,
ef þú værir ekki að lita
kanínuna mína græna!

Og það var alveg satt –
Elín Sandra var að klappa
Mangó um leið og hún talaði
og smám saman breiddist
græni liturinn enn betur um
feldinn. Hún kippti að sér
hendinni.



Það var ...
fyrirgefðu.

Ekki segja það við mig,
þú ættir frekar
að segja það við Mangó.

Elín horfði ekki í augun á Góa. Hún horfði aðeins til hliðar við augun á honum. Á hornið á gleraugunum, þar sem hún vissi að myndavélin var.

– Ég vissi að þú myndir ekkert vilja tala við mig, hvíslaði hún. Ekki eftir þetta með ... hakkarann og bréfið til námsráðgjafans og það allt saman. Ég meina, við vorum ekkert svo góðir vinir að þú myndir standa með mér eftir það. Og það var rétt hjá mér, þú lést ekkert í þér heyra. Og ég vildi ... ég vildi ekki vera vinalaus, hrökk upp úr henni. Svo ég ákvað að fyrst þú vildir ekki vera vinur minn ...

– Já? Gói hafði aldrei heyrt neitt jafnheimskulegt. Það var hún sem hafði hætt að tala við hann! Eftir að hún tók þátt í fjöldaárás á hann.

– Þau hin héldu að ég og þú værum rosa góðir vinir, muldraði Elín Sandra. Og treystu mér þess vegna ekki alveg. Og þau vildu hræða þig, einhvern veginn.

Svo þú myndir ekki setja neitt ljótt um okkur á netið. Og ég hugsaði ... ég stakk upp á þessu með að við myndum þykjast vera gullfiskamorðinginn. Áður en einhver stakk upp á því að gera eitthvað enn þá verra en að lita Mangó svolítið græna! Ég er ekkert viss um að Hebbi og Guðrún hefðu passað að nota lífrænan matarlit, sagði hún í svolitlum ásökunartón.

– Hvað ... Hvað er eiginlega að þér? spurði Góí. Ertu að segja mér að þú hafir boðist til að ráðast á kanínuna mína svo þau hin myndu treysta þér?

– Ég var bara að reyna að vera vinur allra, muldraði Elín Sandra. Að vera vinur allra hinna, án þess að vera samt mjög leiðinleg við þig. Mér er búið að líða rosalega illa yfir þessu!

Eins og það væri vandamál Góa. Að henni hefði liðið illa yfir því að svíkja hann.

Og aumingja Mangó var grænskjöldótt.

Mangó, sem treysti honum og bar tilfinningar til hans, sama hvað stóð á netinu.

Hann hafði ekkert gert! Samt voru allir brjálaðir út í hann.

Eða, sko ... Hann hafði næstum ekkert gert. Hann hafði náttúrulega gert þetta með Leó stærðfræðikennara.

Þó það hefði verið áður en hann fékk gleraugun.

Elín Sandra var byrjuð að gráta hljóðlega ofan í grænan feldinn á Mangó. Góa leið ótrúlega illa. En hann skildi líka að henni hlaut að líða illa.

Einu sinni hafði Íris systir fengið nýjan síma í afmælisgjöf. Hún var bara búin að eiga símann í þrjá daga þegar Gói var að stríða henni og missti símann ofan í djúpa gjótu á Þingvöllum. Hann sást aldrei aftur. Gói vissi að stundum gerði maður eitthvað ömurlegt og gat engum kennt um

nema sjálfum sér. Og hann vissi líka að þá leið manni enn þá verr.

Hann langaði að vera brjálaður út í Elínu. En hann mundi líka hvernig tilfinning það var að sjá ljósið á símaskjánum slokkna þegar síminn sökk djúpt, djúpt ofan í vatnið í gjánni.

– Hvað viltu, Elín? spurði Gói þreytulega.

– Ég vil bara ... Ég vil bara að þetta verði allt saman búið, sagði hún. Og ég vil ... Ég vil að við verðum áfram vinir.

Gói kinkaði kolli og hugsaði málið.

– Ég er ekkert viss um að ég geti það, sagði hann. En ef ég á að gefa því sjens, þá verður þú að hjálpa mér.

Elín hikaði ekki.

– Hvernig?

– Fyrst þurfum við að tala við Ahmed. Ég og hann þurfum að ræða aðeins við Leó stærðfræðikennara. Við skuldum honum afsökunarbeiðni.

– Hmm, sagði Elín Sandra og saug upp í nefið. Já, ég skil að þú þurfir hjálp ef þú ert að vonast til þess að það gangi upp hjá þér.

– Ha, ha, sagði Góí. Gott að þú ert í skapi til að vera fyndin. Það veitir nefnilega ekki af andagiftinni þegar þú ferð núna á eftir og skrifar námsráðgjafanum bréf þar sem þú játar að hafa brotist inn í póstinn minn og sent þetta bréf þarna. Um ... þú veist.

– Ó, sagði Elín Sandra. Ókei.

– Og þegar við erum búin að þessu, þá ... þá getum við kannski talað um það hvort við getum orðið vinir. Og hvort þau hin vilja vera vinir mínir. Ég ætla að minnsta kosti að hætta að nota gleraugun. Það hlýtur að hjálpa til.

– Ég skil, sagði Elín Sandra og þurrkaði sér um augun. Hætta alveg? Líka á fótboltaleikjum? Af því það var mjög gagnlegt.

– Ég ... Ég veit það ekki alveg, sagði Góí. Því fótboltaupptökurnar höfðu vissulega verið mjög gagnlegar. Og ef hann hefði ekki verið með vefmyndavél stillta á búrið hennar Mangó hefði hann aldrei gómað Elínu Söndru með matarlitinn. Hann hafði langað að upplýsa glæpamál og það hafði tekist. Svo eftirlitsmyndavélar höfðu augljóslega sína kosti. Hann hugsaði sig um.

Ég ætla að minnsta kosti að hætta að vera með þau í skólanum, held ég, sagði hann að endingu. Ég þarf þau ekkert þar. Og það er engin ástæða til að láta öllum líða illa.

– Ókei, sagði Elín Sandra.

– En núna, sagði Góí og tók Mangó af henni, ætlar kanínan mín í það.

Elín Sandra kinkaði kalli.

– En Góí? Getum við ekki tekið bara smá myndskaið af henni fyrst? Meðan hún er enn þá svona græn?

Gói fær spennandi gjöf frá afa
á afmælinu sínu. Verður auðveldara
fyrir Góa að eignast vini eða
verður lífið flóknara en það var?
Höfundur sögunnar er Arndís
Þórarinsdóttir og myndskreytingar
eru eftir Árna Jón Gunnarsson.



NÁMSGAGNASTOFNUN
07201

